

Nr. 042 /09 Raket SH 700**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7082
Smíðaður: Hveragerði 1987, plast
Stærð: 6,7 brl. 8,5 bt.
Mesta lengd: 9,45 m Skráð lengd: 8,5 m
Breidd: 2,46 m Dýpt: 1,46 m
Vél: Perkins 154 kW 1998
Fjöldi skipverja: 1



Raket ©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. apríl 2009 var Raket SH 700 á landleið til hafnar í Ólafsvík. Veður: A 3 m/sek.

Þegar komið var upp á Ólafsvíkina heyrði skipstjóri smell og ferð datt niður en vélin gekk áfram lausagang. Skipstjóri athugaði vélbúnaðinn og sá að skrúfuöxull snérist ekki. Þar sem Mangi á Búðum SH 85 var skammt undan var hann fenginn til aðstoðar og dró hann Raket SH að bryggju.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar gírinn var opnaður sást að öryggistengi úr áli með gúmmífóðringum hafði brotnað í smátt;
- að viðgerðarmaður sem kom að viðgerðinni sagðist ekki sjá neina ástæðu til þess að tengið brotnaði svona smátt nema eitthvað hafi lent í skrúfunni en það hafi ekki endilega gerst í þetta skipti. Hann taldi að þetta gæti hafa haft langan aðdraganda og eftir á að hyggja hafði hann heyrt eitthvað aukahljóð frá vélinni þegar hann var að gera við aðra hluti í henni og tengt það þeirri bilun.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.